

## VEFÞULAN

NÝ AÐSTOÐ VIÐ AÐ LESA OG SLÁ  
INN VEFRÆNAN TEXTA

Vefþulan er ókeypis vefþjónusta ætluð þeim sem einhverra hluta vegna eiga erfitt með að lesa texta af skjá. Þjónustan gerir notendum kleift að fá lesinn hvaða íslenska texta sem er á netinu, auk þess sem þeir geta sjálfir skrifað texta og fengið hann lesinn fyrir sig.

Hér eru leiðbeiningar sem finna má á vefsíðunni [www.hexia.net](http://www.hexia.net)

1. Þú getur merkt texta á hvaða vefsíðu sem er og smellt á tengilinn: Lestu þetta. Við það er textinn fluttur á vefsíðu hjá okkur og lesinn upphátt.
2. Þú getur slegið inn hvaða texta sem er og fengið hann lesinn upphátt. Upplagt til að sannreyna hvort verkefni sem skila þarf eru rétt skrifuð.

Þar að auki vinnum við með skólum að því að auðvelda fólki að taka próf. Með því gefst námsmönnum tækifæri til að:

1. Fá einstakar spurningar lesnar fyrir sig, til að tryggja réttan skilning.
2. Fá svarið lesið yfir til að tryggja að hugsunin hafi komist óbrengruð til skila.

Landsbankinn hefur gerst bakhjarl verkefnisins og er Vefþulan því öllum opin endurgjaldslaust. Engan sérstakan búnað þarf á tölvu notenda því Vefþulan virkar alfarið yfir netsamband.

Yfir fimm þúsund manns voru búnir að notfæra sér Vefþuluna fyrstu tvo sólarhringana sem hún stóð til boða, þrátt fyrir að um helgi væri að ræða. Aðstandendum Vefþulunnar bárust einnig fjöldi fyrirspurna frá áhugasömum, auk þess sem heillaóskir og þakkir bárust víða að.



„Þetta er stórt stökk fram á við í aðstoð við lesblinda námsmenn,“ segir Þórarinn Stefánsson framkvæmdastjóri Hexia.net, sem á og rekur Vefþuluna. „Þetta auðveldar þeim ekki eingöngu lestur texta af skjá, heldur gefst þeim líka tækifæri til að láta lesa textann sinn yfir. Það er ómetanleg hjálp við að sannreyna hvort hugsun þeirra hafi komist óbrengruð til skila.“

Vefþulan notar tölvuröddina Rögggu, en menntamálaráðuneytið styrkti gerð hennar. Slóðin á Vefþuluna er <http://www.hexia.net/upplestur>

Upplýsingar sóttar á vef [www.hexia.net](http://www.hexia.net)